

Föstudaginn 30. nóvember 1945.

Nr. 29/1945. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Kristjáni Stefánssyni (Einar B. Guðmundsson).

Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfryjaða dóm.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hefur réttarrannsókn farið fram til að leiða í ljós þau atriði, sem greind eru í úrskurði hæstaréttar 22. júní þ. á.

Við rannsókn þessa hefur komið upp, að síðla kvölds daginn áður en slysið varð, ók ákærði frá Akureyri til Haganesvíkur og síðan heim aftur um nóttina til Akureyrar. Svaf hann ekkert þessa nótt né daginn eftir. Hafði hann því, er slysið varð, vakað samfleytt þrjú dægur. Hann viðurkennir, að hann hafi verið orðinn nokkuð syfjaður og þreyttur, er á daginn leið.

Ákærði synjaði þess fyrir tveimur lögreglumönnum, er komu á slysstaðinn, að hann hefði neytt áfengis þá um daginn fyrr eða síðar. Er fyrir dóm kom og eftir að honum hafði verið tekið blóð, er síðar reyndist hafa 1,56‰ áfengismagn, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði eftir slysið, og áður en lögreglan kom á vettvang, drukkið brennivín, er hann kvaðst hafa haft meðferðis í bifreiðinni. Þeir, sem með honum voru, kveðast þó hvorki hafa orðið þess vísir, að hann neytti áfengis né hefði það með sér. Öll frásögn ákærða um þetta efni þykir svo ósennileg, að ekki verður mark á henni tekið, og verður að leggja til grundvallar, að hann hafi neytt áfengis, áður en slysið varð. En þegar litið er á niðurstöðu blóðrannsóknarinnar og vætti samferðamanna hans og lögreglumanna, er ekki kveðast hafa séð áhrif vins á honum, þykir ekki fullyrðandi, að hann hafi verið með áhrifum áfengis, svo að varði við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Hins vegar verður að telja, að hann hafi vegna undanfarandi áfengisneyzlu, svefnleysis og þreytu verið svo

á sig kominn, að bifreiðarakstur hans varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Ákærði ók miður sín, svo sem nú var lýst, upp Vaðlaheiði eftir vegi, er liggur í allmiklum bratta, og sátu fjórir menn á palli bifreiðarinnar. Á veginum er mjög kröpp beygja rétt fyrir neðan slysstaðinn. Ákærði ók eftir beygju þessari á þriðja gir. Er hann kom af beygjunni, tókst honum ekki að koma bifreiðinni í beina stefnu eftir veginum, og ók hann út af honum, án þess að hann beitti hemlum til að stöðva bifreiðina. Var þessi akstur ógætilegur og varðar við 1. mgr. 27. gr. áðurnefndra laga.

Þar sem mannsbani hlaut af, þá ber að refsa ákærða samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941 og nefndri grein hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 75 daga. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti; 700 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Stefánsson, sæti varðhaldi 75 daga. Hann skal sviptur ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sveinbjörns Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 700 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 24. ágúst 1944.

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu gegn bifreiðarstjóra Kristjáni Stefánssyni, Spítalavegi 19, Akureyri, fyrir brot á 23. kafla almennra hegningarlaga frá 12. febr. 1940 og af valdstjórnar-

innar hálfu fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 frá 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941 og áfengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 til hegningar, greiðslu iðgjalds, ef krafizt verður, og alls kostnaðar, sem af rannsókn þessari og máli hefur leitt og leiða kann.

Málsatvik eru þessi:

Ár 1944, laugardaginn 22. júlí, stuttu fyrir kl. 22, hitti Haukur Arnars lögregluna og skýrði henni frá því, að bifreið A 328 hefði farið út af Vaðlaheiðarveginum og oltið, en menn, er í henni voru, meiðzt. Hraðaði hann sér til lögreglunnar, svo læknir og sjúkra-bifreið yrði send í flýti. Hjálp að öðru leyti, segir hann, að eigi hafi skort á staðnum, því fleiri bifreiðar en hans hafi komið á staðinn. Náð var í Guðmund Karl Pétursson lækni, er lagði þegar af stað í bifreið sinni. Sjúkrabifreiðinni var gert aðvart, og fór lögreglan því næst á staðinn. Það var bifreiðin A 328, sem valt. Er hún vörubifreið og var ekið af Kristjáni Stefánssyni bifreiðarstjóra, Spítalavegi 19, Akureyri. Hjá honum í stýrishúsinu sat piltur, að nafni Björn Þorsteinsson, en 4 menn aðrir, Bolli Eggertsson, Árni Friðriksson, Magnús Sveinsson og Kristján Albertsson, voru með bifreiðinni, en samkvæmt skýrslu lögreglunnar á réttarskjali 1 sátu þeir á kössum á palli bifreiðarinnar, en þetta hefur verið leiðrétt og er eigi rétt, þeir sáu fyrir aftan kassana á segli. Lögreglan segir, að á staðnum hafi verið upplýst, að nokkrum metrum frá fyrstu vegarbeygjunni vestan í Vaðlaheiði hafi bifreiðin ekið vestur af veginum, en vegarkanturinn er þarna hár, og hefur bifreiðin oltið $1\frac{1}{2}$ veltu og staðnæmzt liggjandi á hægri hlið. Riss af staðnum er á réttarskjali 2. Við veltuna höfðu menn þeir, er sátu á pallinum, kastast af bifreiðinni, og einn þeirra Bolli Eggertsson hafði orðið undir palli bifreiðarinnar, er hún staðnæmdist, og mun hann hafa dáið samstundis, því ekkert hljóð hafði heyrt frá honum. Menn þeir, sem komu þarna að á sama tíma og Haukur Arnars, lyftu bifreiðinni það mikið, að maðurinn var dreginn undan henni, en ekkert lífsmark var með honum, er læknirinn kom þar að, og var líkið flúið á heimili hins látna, eftir að læknir hafði tjáð lögreglunni, að ekki væri frekari rannsókn á því nauðsynleg. Hinir 3, sem verið höfðu í bifreiðinni, virtust eigi hafa meiðzt alvarlega, en þó var Árni Friðriksson særður á hendi, og tók læknirinn hann með til aðgerðar. Bifreiðarstjórann og manninn, sem með honum var í stýrishúsinu, sakaði eigi.

Bifreiðin var á leið austur að Laugum með drykkjarvörur frá Öl- og gosdrykkjagerð Akureyrar. Bifreiðarstjórinn hélt því fram við lögregluna, að þegar hann hefði ætlað „að rétta bifreiðina af“, eftir að hann hafði tekið beygjuna, hafi stýrið setið fast og hann eigi getað aftrað því, að bifreiðin lenti út af veginum. Hann sagðist hafa vitað, að ró vantaði í bolta í stýrisútbúnaðinn, áður en lagt

var af stað, og hefði sér strax dottið í hug, að þetta hefði komið að sök, en sambandið var á milli hlutanna eftir veltuna, en róna vantaði. Bifreiðarstjórinn skýrði lögreglunni frá því, að hann hefði ekið eigi harðar en 25—28 kílómetra á klukkustund. Hann kveðst eigi hafa neytt áfengis þenna dag, hvorki fyrr né síðar. Blóðsýnis-horn var tekið af honum og sent til Rannsóknarstofu háskólans. Lögregluþjónn Gísli Ólafsson athugaði strax ástand bifreiðarinnar eftir slysið. Ákærði segist hafa farið frá Akureyri kl. 9—9½ áðurgreindan dag á bifreiðinni A 328. Á bifreiðinni voru 22 kassar með gosdrykkjum, en í hverjum kassa 24—50 flöskur, hálfar og heilar. Gosdrykkirnir áttu að fara austur að Laugum, en allir mennirnir nema Björn ætluðu í Vaglaskóg, en um hann var ekki ákveðið, að sögn hans, hvort hann færi lengra. Ákærði var kominn upp fyrir svokallaða staurabeygju, en þar eftir er vegurinn nokkuð beinn til næstu beygju. Allt í einu tók bifreiðin að sögn ákærða að sveigja til vesturs, og ákærði gat eigi rótað stýrinu, og segir hann, að bifreiðin hafi farið skáhallt niður vegkantinn og oltið þar. Hann heldur, að bifreiðin hafi farið 1½ veltu um sjálfa sig. Hún lá á hliðinni. En rétt á eftir leiðréttir hann þetta og segir, að bifreiðin hafi farið eina veltu, af því að hjólin séu í vestur, þar sem bifreiðin lá. Hann segir, að pallur bifreiðarinnar hafi legið yfir magaholi Bolla, sem var látinn, þegar bifreiðarstjórinn kom að. Engir, sem í bifreiðinni voru, áttu að greiða fargjald. Ákærði segir, að vegurinn hafi verið þurr. Ákærði segir, eins og stendur í skýrslu lögreglunnar, að ró vantaði á bolta í stýrisútbúnaðinum, en boltinn var þó kyrr eftir slysið. Ákærði heldur því þrátt fyrir það fast fram, að hann hafi eigi getað hreyft stýrið. Gísli Ólafsson lögregluþjónn og bifreiðaeftirlitsmaður segja báðir, að þar sem boltinn var kyrr eftir slysið, þá hafi það eigi getað haft nein áhrif á stjórn bifreiðarinnar, þó róna vantaði. Ákærði segist hafa ekið á 3ja gir, er slysið varð, og hraðinn hafi verið 15—20 km á klukkustund. Blóðprufa sú, sem lögð hefur verið fram í réttin-um, hefur sýnt reduktion, er svarar til áfengismagns 1,50 eða 1,56 af þúsundi. Ákærði segist hafa haft fleyg hjá sér af áfengi, er hann hafi drukkið úr, eftir að slysið varð, og segir hann, að þess vegna hafi fundizt áfengi í blóðinu. Yfirlögregluþjónn Jón Benediktsson segir, að ákærði hafi lýst því yfir við sig, að hann hefði eigi bragðað áfengi þenna dag, hvorki fyrr né síðar. Og yfirlögregluþjónninn bað Schiöth, er hlustaði á þetta, að minnast þess. Báðir lögregluþjónarnir hafa staðfest vitnisburð sinn um þetta með eiði. Schiöth hefur og sagt, að hann hafi eigi séð áfengi á ákærða, og þó hann hafi talað mikið á leiðinni til Akureyrar, þá geti það hafa verið af nervösiteti. Ákærði heldur fast við framburð sinn um, að hann hafi drukkið áfengi á eftir slysið, og hafi hann drukkið það fyrir aftan bílinn, en hinir eigi séð það. Kristján Alberts-

son, Árni Friðriksson og Magnús Sveinsson hafa allir verið yfirheyrðir í málinu. Enginn þeirra sá ákærða með brennivinsfleyginn, og enginn þeirra sá hann drekka, en þó er það mögulegt, að hann hefði drukkið, án þess að þeir sæju það.

Kristján Albertsson getur þess, að hann hafi verið tekinn í bifreiðina á Eyrarlandsveg nr. 3. Lánaði hann Bolla tjald, er þeir breiddu yfir sig. Vitnið veit eigi, hvernig stóð á því, að bifreiðin fór út af veginum. Hann kastaði sér aftur af bifreiðinni, er slysið varð. Hann meiddist eigi. Honum virtist bifreiðarstjórinn ekki aka hart og varð eigi var við neitt athugavert við aksturinn, þangað til slysið varð.

Björn Þorsteinsson, sem sat hjá bílstjóranum, varð eigi var við, að hann hefði áfengi með sér. Sá ekkert vín á honum. Hann getur eigi gert sér grein fyrir, hvernig slysið vildi til. Magnús Sveinsson vissi eigi til, að ákærði hefði áfengi með sér. Hann getur eigi gert sér grein fyrir, hvernig slysið vildi til. Árni Friðriksson segist ekkert áfengi hafa haft með sér og veit eigi til, að ákærði eða aðrir hafi haft áfengi með sér. Vitninu virtist ákærði keyra liðlega, en þó eigi hart, þegar i beygjuna kom.

Það er sannað með eiðfestum vitnisburði 2ja lögregluþjóna, að ákærði *sagðist* eigi hafa drukkið áfengi dag þann, sem slysið varð, hvorki fyrr eða eftir. En siðar segist hann hafa drukkið á eftir slysið úr brennivinsfleyg, er hann hafði með. Enginn af þeim, sem i bílnum voru, sá þenna brennivinsfleyg eða sá ákærða drekka úr honum.

Það verður að telja sannað með tilvisun til blóðprufunnar og vitnisburða lögregluþjónanna, að ákærði hefur verið undir áhrifum áfengis, er hann stýrði bifreiðinni. Þá verður einnig að telja eftir rannsókn þá, sem farið hefur fram á stýrisútbúnaðinum, eftir að slysið varð, að róin, sem vantaði, hafi eigi orðið orsök slyssins. Hins vegar braut bifreiðarstjórinn gegn skyldum sínum með því að fara í ferðina með stýrisútbúnaðinn, eins og hann var.

Keyrsla ákærða virðist bera vott um mikið gáleysi, þar sem hann ók út af beinum veginum.

Ákærði hefur með dómi bæjarþings Akureyrar 10. júlí 1944 verið dæmdur í 10 daga varðhald fyrir bifreiðabrot og sviptur rétti til að stýra bifreið í 3 mánuði.

Brot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, ber að færa undir 215. gr. hegningarlaganna, 3. og 4. gr. umferðarlaganna, 38. og 39. gr. bifreiðalaga og 21. og 39. gr. áfengislaganna. Virðist hegningin með tilliti til hins fyrra brots og svo afleiðingar þeirrar, sem varð af þessu siðara broti, hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi. Þá þykir rétt, að ákærði sé sviptur rétti til að stýra bifreið upp á lífstíð.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal 200 kr. til hins skipaða talsmanns, Björns hdl. Halldórssonar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Stefánsson, Akureyri, sæti 2ja mánaða fangelsi. Hann skal sviptur rétti til að stýra bifreið upp á lífstíð.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal 200 kr. til hins skipaða talsmanns, Björns hdl. Halldórssonar.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1945.

Nr. 115/1944. **Gunnar Sigurðsson**

gegn

Páli Pálssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Sigurðsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. nóvember 1945.

Nr. 102/1945. **Jón Gauti Jónatansson**

gegn

Hjálmty Péturssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gauti Jónatansson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.